

Ár 2025, miðvikudaginn 30. júlí kl. 10:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 2/2025

Knattspyrnudeild ÍR

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 24. júní 2025, þar sem Knattspyrnudeild ÍR var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 200.000,- til KSÍ vegna vítaverðrar háttsemi stuðningsmanna félagsins sem fólst í því að kveikja á blysum eftir leik ÍR gegn Leikni í Lengjudeild karla þann 13. júní 2025.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 27. júní sl. þar sem knattspyrnudeild ÍR gerir eftirfarandi kröfur:

Að sekt samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 24. júní 2025 verði felld niður.

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var Knattspyrnudeild ÍR gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 200.000,- vegna háttsemi stuðningsmanna sinna eftir leik ÍR gegn Leikni í Lengjudeild karla þann 13. júní 2025. Í skýrslu eftirlitsmanns til aga- og úrskurðarnefndar er að finna eftirfarandi lýsingu:

„Blys í stúku, gæsla ekki að stöðva það“

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísar til þess í hinum kærða úrskurði sérhvert aðildarfélag beri hlutlæga ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geti hlotið viðurlög vegna háttsemi þeirra í samræmi við lög og reglugerðir KSÍ. Í hinum kærða úrskurði er sú háttsemi að kveikja á blysi

heimfærð undir d-lið gr. 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og knattspyrnudeild ÍR gert að sæta sekt fyrir vítaverða háttsemi stuðningsmanna.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a til e liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt b-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.

III

Í greinargerð áfrýjanda fyrir áfrýjunardómstóli er gerð sú krafa að sekt samkvæmt hinum áfrýjaða úrskurði verði felld niður. Áfrýjandi vísar til þess að stuðningsmaðurinn sem átti í hlut tengist félaginu ekki á nokkurn hátt og að gæsla hafi séð kveikt á blysinu samstundis og gripið inn í atburðarrásina. Krafa áfrýjanda byggir á því að hvergi sé kveðið á um blátt bann við notkun blysa í lögum og reglum KSÍ og að ákvæði d-liðar gr. 13.9 sé svo óljóst að ekki sé unnt að beita félagið refsingu á grundvelli þess. Þá er jafnframt vísað til jafnræðisreglna með vísan til þess að blys hafi sést á öðrum leikjum hér á landi án þess að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi beitt viðurlögum.

Með greinargerð áfrýjanda fylgdi myndband af atvikinu og ljósmyndir úr öðrum knattspyrnuleikjum þar sem greina má stuðningsmenn með blys.

IV

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan sé sú að aga- og úrskurðarnefnd ber að styðjast við skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns.

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins, þ.m.t. myndband af atvikinu sem barst frá áfrýjanda. Ljóst er að stuðningsmaður áfrýjanda kveikti á blysi í fagnaðarlátum eftir leik ÍR gegn Leikni þann 13. júní sl. og því er ekki mótmælt af hálfu áfrýjanda. Dómurinn telur ljóst að framangreind háttsemi feli í sér vítaverða háttsemi í skilningi d-liðar gr. 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áfrýjandi vísar sjálfur til fordæma þess efnis í greinargerð sinni og telur dómurinn ljóst að notkun blysa og/eða flugelda á knattspyrnuleik feli í sér vítaverða háttsemi. Félög bera ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geta sætt viðurlögum samkvæmt lögum og reglum KSÍ vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar háttsemi þeirra, sbr. gr. 5.10 í lögum KSÍ. Ekki er á það fallist að með hinum kærða úrskurði sé brotið gegn jafnræði, enda er ekki unnt að réttlæta framangreinda háttsemi með vísan til annarra atvika, sem eftir atvikum, hafa farið framhjá eftirlitsmanni eða ekki borist aga- og úrskurðarnefnd af öðrum ástæðum.

Með vísan til framangreinds er hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar, um sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 200.000,-, staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er staðfestur.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]